

## Deiliskipulag í Búðardal

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti á fundi sínum 20. mars 2018 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi í Búðardal í samræmi við 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið nær yfir Bakkahvamm, Lækjarhvamm og nýja götu sem fær nafnið Ásuhvammur. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir lóðum fyrir einbýlis-, par- og raðhús. Svæðið er er auðkennt sem íbúðarsvæði A í aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 og er um 3,5 ha að stærð.

Tillögurnar liggja frammi frá 12. apríl 2018 á skrifstofu Dalabyggðar, Miðbraut 11, 370 Búðardal, og einnig á heimasíðu sveitarfélagsins dalir.is.

Athugasemdum ber að skila til skrifstofu skipulagsfulltrúa, að Miðbraut 11 Búðardal, eða netfang byggingarfulltrúi@dalir.is fyrir 25. maí 2018.

## Söfnun og förgun dýrahæja

Hafin er reglubundin söfnun dýrahæja í Dalabyggð. Fyrsta ferð var farin miðvikudaginn 4. apríl og næsta ferð áætluð fyrir miðjan apríl og síðan vikulega út maímánuð.

Fyrirkomulag á þessari söfnun er ekki alveg fastmótað og mun reynslan næstu vikurnar verða notuð til að meta þörfina.

Þeir sem þurfa að nýta sér þjónustuna þurfa að senda tölvupóst á netfangið vidar@dalir.is með upplýsingar um fjölda og símanúmer (varðandi nánari tímasetningar). Þó mega eldri bændur sem ekki hafa netpóst hringja í síma 894 0013 og panta þjónustu.

Til að mæta kostnaði við söfnunina er innheimt sérstakt gjald á bújarðir og býli með atvinnustarfsemi.

## Trjágróður við lóðamörk

Húseigendur/lóðarhafar eru hvattir til að klippa trjágróður sem vex út fyrir lóðamörk og getur þannig skapað óþægindi og hættu fyrir vegfarendur.

Að öðrum kosti mun sveitarfélagið klippa þar sem nauðsynlegt er og senda lóðarhafa reikning fyrir framkvæmdinni.



# DALAPÓSTURINN

5. tölublað, 11. árgangur  
9. apríl 2018

## Íbúafundur

Íbúafundur verður haldinn í Dalabúð þriðjudaginn 10. apríl nk. kl. 20.

### Dagskrá

1. Ársreikningur Dalabyggðar 2017
2. Helstu verkefni framundan hjá Dalabyggð
3. Breyting á aðalskipulagi – íbúðalóðir
4. Deiliskipulag – Hvammar
5. Ferðamál
6. Kaffihlé
7. Fyrirspurnir og umræður

Íbúar Dalabyggðar eru hvattir til að mæta.

## Sjálfbóðaliðaverkefni

Umsóknarfrestur um sjálfbóðavinnuverkefni Dalabyggðar er til 12. maí. Byggðarráð afgreiðir umsóknir. Íbúar eru hvattir til að nýta sér þetta til að hrinda í framkvæmd brýnum umhverfisverkefnum í sínu næsta nágrenni.

Almenn skilyrði fyrir úthlutun framlaga eru að umsækjandi eigi lögheimili í Dalabyggð, sé ekki í vanskilum við sveitarfélagið og að umsókninni fylgi lýsing á verkefni og kostnaðaráætlun. Forsvarsmaður verkefnis skal hafa samráð við verkstjóra Dalabyggðar um framkvæmd verkefnisins.

Reglur og umsóknareyðublað um sjálfbóðavinnuverkefni er að finna á heimasíðu Dalabyggðar.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.  
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur